



| | | |
|-------------------------------------|---------------------------------|---|
| SKN-18 | Menntaskólinn í Kópavogi |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 2020 | | |
| Höfundur: MLF | | |
| Samþykkt: GEA | | |
| Síða 1 af 2 | | |
| Fundargerð Skólanefndar # 18 | | |
| 18. maí 2020 | | |

| | | |
|---------------------|---|----------------------------|
| Mættir: | Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Steinþór Jónsson, Elísabet H. Guðmundsdóttir fjármálastjóri. | |
| Forfallaðir: | Guðný Ólafsdóttir fulltrúi foreldra, Sigrún Júlía Ólafsdóttir fulltrúi nemenda, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara | |
| Staður: | Teams fjarfundur | |
| Tími: | Kl. 12:00-13:00 | Dags.: 18. maí 2020 |

| Nr. | Atriði | Ábyrgð | Tími |
|-----|---|------------------------------------|---|
| 1. | <p>Tillögur að dagskrá skólaárs. Flosi formaður skólanefndar setur fundinn kl. 12:00.</p> <p>Guðríður og Elísabet fara yfir tillögur að skólagjöldum MK fyrir veturinn 2020-2021. Tillagan inniheldur 400 – 2.400 kr. hækkun á allar námsbrautir til að koma til móts við verðlagshækkanir o.fl. Þá fjallar Elísabet um það hvort skólagjöld skuli vera endurgreidd eftir að kennsla hefst hætti nemandi við nám.</p> <p>Flosi leggur fyrir skólanefnd til samþykktar að skólagjöld verði ekki endurgreidd eftir að vika er liðin af kennslu. Tillagan er samþykkt einróma.</p> <p>Guðríður fjallar um Leiðsöguskólann. Eins og staðan er stendur skólinn ekki undir sér og er rekinn með tapi. Vonir eru til þess að aðsókn muni aukast í haust í ljósi aðstæðna. Þá er stefnt að því að bjóða upp á stök námskeið sem nemendur geta þá átt til góða upp í námið kjósi þeir að klára það síðar. Guðríður leggur til að skólagjöldin í Leiðsöguskólann verði hækkuð um 6,25% á önn. Sú tillaga er samþykkt og svo verður staðan endurmetin að ári.</p> | <p>FE</p> <p>GEA</p> | <p>30 sek.</p> <p>29 mín.</p> |
| 2. | Ársskýrsla skólans árið 2019. | GEA | 0 mín. |
| | Sjá umfjöllun undir dagskrárlið 1. | | |

| | | |
|-------------------------------------|---------------------------------|---|
| SKN-18 | Menntaskólinn í Kópavogi |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 2020 | | |
| Höfundur: MLF | | |
| Samþykkt: GEA | | |
| Síða 2 af 2 | | |
| Fundargerð Skólanefndar # 18 | | |
| 18. maí 2020 | | |

| Nr. | Atriði | Ábyrgð | Tími |
|-----|--|------------|---------------|
| | | | |
| 3. | Önnur mál | GEA | 8 mín. |
| | <p>Útskriftin verður 10. júní í ferðamálastólunum vegna námsferðanna sem á eftir að fara í.</p> <p>Aðrar útskriftir verða 28. og 29. maí. Athöfninni þann 29. verður skipt í tvennt. Með því móti verður hægt að bjóða nemendum á staðinn, kennurum og formanni skólanefndar. Ekki verður þó heimilt að taka með foreldra eða aðra gesti. Athöfnin verður svo send út á netinu.</p> <p>Skólanefndin þakkar starfsfólki MK fyrir frábær störf á þessum fordæmalausu tímum.</p> <p>Engin önnur mál voru á dagskrá.</p> | | |
| 4. | Fundi slitið: Formaður sleit fundi kl.12:37. | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir